

Umsögn Landssamtakanna þroskahjálpar um breytingu á lögum um Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003 (samþætting þjónustu, hlutverk o.fl.), 561. mál.

Landssamtökin Proskahjálpi ítreka eftirfarandi sem fram kom í umsögn samtakanna þegar frumvarpið var í samráðsgátt stjórnarráðsins.

Landssamtökin Proskahjálpi hafa um áráraðir bent á þann annmarka að starfsemi stofnunarinnar miðast nánast einvörðungu við börn, eins og kemur fram í 1. gr. og er sérstaklega áréttað í 4. gr. núgildandi laga.

Proskahjálpi bendir í því sambandi á að Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins er eini aðilinn sem veitir ráðgjöf á landsvísu vegna þroskahömlunar og/eða einhverfu og því er enginn aðili ábyrgur fyrir ráðgjöf vegna fullorðins fólks með þessar skerðingar .

Einnig skal bent á að samtökin þekkja þess dæmi að einstaklingar sem flust hafi til landsins og eru eldri en 18 ára gamlir lenda í vandræðum með að fá viðeigandi greiningu sem oft á tíðum er þó grundvöllur fyrir ýmsum réttindum og aðgangi að viðeigandi og nauðsynlegri þjónustu.

Landssamtökin Proskahjálpi telja mjög æskilegt og eðlilegt að þegar lög um Greiningar- og ráðgjafastöð eru endurskoðuð verði tekið til skoðunar hvort ekki sé rétt að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að einstaklingar eldri en 18 ára eigi greiðari leið að ráðgjöf og greiningu.

Hvað varðar efnisatrið fyrirbyggjandi frumvarps virðist tilgangur þess vera sá helstur að laga það að breytingum sem ráðgerðar eru með nýjum lögum sem hlotið hafa heitin *lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, lög um barna- og fjölskyldustofu og lög um Gæða- og eftirlitsstofnun*.

Í greinargerð með frumvarpinu er rífuð upp vinna sem fór fram á árunum 2013 og 2014 og miðaði að því að koma á laggirnar einni séhæfðri Greiningar- og ráðgjafamiðstöð vegna allra fatlana sem eftir atvikum gæti verið deildarskipt í barna- og fullorðinssvið. Landssamtökin Proskahjálpi studdu þá tillögu og styðja hana enn.

Landssamtökin Proskahjálpi óska eftir að fá fund með velferðarnefnd til að gera betur grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum varðandi frumvarpið og vísa í því sambandi til ákvæða samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem íslenska ríkið fullgilti árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að virða og framfylgja. Í 4. gr. samningsins sem hefur yfirkraftina „Almennar skuldbindingar“ segir:

“Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökuferli varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.”

Virðingarfyllt.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Proskahjálpar

Anna Lára Steindal, verkefnastjóri Proskahjálpar í málefnum fatlaðra barna og ungmenna